

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Súluhöfða nr. 27, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 27 við Súluhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 12. nóvember 2003.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðurs og þar má byggja jarðhýsi allt upp að hæð gólfplötu efri hæðar núverandi húss.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 1. desember 2003.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

STARFSREGLUR

félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar vegna staðfestingar á rétti til viðbótarlána.

I. KAFLI Starfsreglur.

1. gr.

Félagsmálanefnd Þingeyjarsveitar setur sér eftirfarandi starfsreglur fyrir veitingu viðbótarlána samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Viðbótarlán eru ætluð einstaklingum er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði og kemur til viðbótar almennu húsnæðisláni með veði í hlutaðeigandi eign. Upphæð viðbótarláns getur numið allt að 25% af hámarksverði húsnæðis sbr. 4. gr. í reglum þessum. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði, almennt lán og viðbótarlán, getur þó aldrei orðið hærra en 90% af matsverði (kaupverði) húsnæðis.

Lánsloforð viðbótarláns gefið út á grundvelli greiðslumats viðkomandi kaupanda gildir í þrjá mánuði frá staðfestingu félagsmálanefndar.

II. KAFLI Markmið.

2. gr.

Markmið félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar er að lágmarka áhættu sveitarfélagsins og þar með íbúðarkaupenda með sem bestum undirbúningi áður en kaupin eiga sér stað. Einnig er ætlunin að reyna að koma í veg fyrir að kaupendur verði fyrir tjóni og greiðsluerfiðleikum eftir því sem við verður komið. Reglurnar eru m.a. settar til að ákvarða forgangsröðun ef eftirspurn eftir viðbótarlánnum verður meiri en það fjármagn sem ætlað er til lánveitinga ár hvert.

III. KAFLI Almenn skilyrði.

3. gr.

Almenn skilyrði fyrir veitingu viðbótarlána eru:

- að umsækjandi eigi lögheimili í Þingeyjarsveit,